

AFREKSA SALA SALA SALA SALA



Fimleikadeildin á Íslandsmeistara í hópfimleikum en P-2 sigraði á Íslandsmóti í mars síðastliðnum. Deildin hefur sett þáð markmið fyrir árið 2008 að forma afreksstefnu. Til þess að fylgja henni eftir þarf að leggja aukna

áherslu á að bæta aðstöðu deildarinnar. Fjöldi félaga eru um þær mundir að eignast fimleikahús í sínum bæjarfélögum og mun það áreiðanlega hafa mikil áhrif á starfið og auka getu þeirra liða. Miðað við árangur Fimleikadeilarinnar í

vetur hefur deildin allt til að bera til þess að verða næsta stórveldi í fimleikum. Til þess að það gerist verður fullbúið fimleikahús að rísa í Mosfellsbæ.

Stjórn
Fimleikadeilar
Aftureldingar

EFNISYFIRLIT

Stjórn og starfsmenn bls. 2

Iðkendur bls. 2

Fjölgun bakhjarla bls. 3

Frábær árangur á mótum bls. 4

Skemmtanir og sumarstarf bls. 5

Framtíð fimleika í Mosó bls. 6

Rekstrarreikningur bls. 7

Efnahagsreikningur bls. 8



Stjórn og starfsmenn

og Köru til að skerpa á dansþjálfun keppnishópanna.

Stjórn Fimleikadeildar Aftureldingar árið 2007 skipa Eva Magnúsdóttir, formaður, Halla Heimisdóttir, meðstjórnandi, Elín Snorradóttir, meðstjórnandi, Valborg Konráðsdóttir, ritari og Harpa Smáradóttir, meðstjórnandi. Framkvæmdastjóri deildarinnar er Anna Margrét Arnardóttir.

Þjálfarar deildarinnar árið 2007 voru 14 talsins. Einnig hóf deildin að kenna ungum aðstoðarþjálfurum deildarinnar sem koma úr röðum keppnisstúlkna í P-2 liðinu grunnatriði þjálfunar. Litið er á þær sem framtíðarþjálfara deildarinnar og verður reynt að halda vel utanum þær og auka þekkingu þeirra eftir því sem þær verða eldri og reyndari.

Deildin stóð fyrir æfingabúðum í Gerplu þar sem Ása Þorsteinsdóttir, þjálfari Norðurlandameistara Gerplu ásamt fleiri þjálfurum frá því félagi var með vinnustofu fyrir þjálfara og elstu keppnishópana. Ása hefur auk þess þjálfað keppnis stúlkurnar í dansi frá því í haust. Einnig var ráðinn danskennari, Sigurrós Jónsdóttir, frá Dansskóla Jóns Péturs

Iðkendur

Fjöldi iðkenda í deildinni voru 240 í lok ársins 2007 á aldrinum 3 -15 ára. T-hópnum er skipt upp í 7 hópa en í þeim eru börn á leikskólaaldri frá 3.-5 ára. R - hóparnir eru byrjendahópar en þeir voru 6 í lok ársins. Hópnum er getuskipt og eru í honum stúlkur og drengir sem eru byrjendur og stúlkur og drengir sem áður hafa verið í fimleikum í leikskólahópum. Í O hópum eru börn sem eru komin aðeins lengra.

M -hóparnir eru 3 talsins en í þeim eru eldri byrjendur. Einnig eru í deildinni 2 M hópar sem er getuskipt samkvæmt stöðuprófi. Þessir hópar eru farnir að taka þátt í fimleikamótum og hafa staðið sig vel í vetur.

P-hópar eru lengst komnu hóparnir hjá deildinni og eru þeir tveir, P-1 og P-2. Um er að ræða 2 helstu keppnishópa deildarinnar sem lengst eru komnir og skipa stúlkur á aldrinum 9-15 ára.

Duglegar stelpur
úr P-1



Fjölgun bakhjarla

Stjórn deildarinnar setti sér það markmið að leita leiða til þess að fjölga bakhjörllum og leitaði því til fyrirtækja um styrki og samstarf. Á haustmánuðum ákváðu eigendur Leirvogstungu ehf. sem verið hefur helsti bakhjarl deildarinnar fram að þessu að gera þriggja ára samstarfsamning við fimleikadeildina.

Yfirmarkmið samningsins er að aðstoða við að efla fimleikastarf í Mosfellsbæ. Styrknum árið 2007 var sérstaklega varið til þess að auka þekkingu þjálfara Aftureldingar og mikil áhersla var lögð á að efla innra starf með aukinni menntun þjálfara. Áfram verður leitast við að efla námskeiðshald og hefur m.a. verið leitað til samstarfs við önnur félög.

Á haustmánuðum gerðu World Class og Fimleikadeildin með sér samstarfssaming til næstu þriggja ára. Samningurinn var undirritaður í tilefni þess að World Class opnaði nýja líkamsræktarstöð í Mosfellsbæ. Markmið samningsins er að Fimleikadeildin í samvinnu við World Class stuðla að heilbrigðum lífsháttum og lýðheilsu í Mosfellsbæ.

Styrknum á síðasta ári var sérstaklega varið til þess að efla færni keppnishópa Aftureldingar og byggja upp fleira keppnisfólk fyrir hönd deildarinnar.

Ísfugl, sem einnig hefur verið bakhjarl deildarinnar til nokkurra ára, ákváð einnig að styrkja uppsetningu á árlegri jóla-sýningu deildarinnar. Styrknum var sérstaklega varið til þess að greiða kostnað við sýninguna og leigu á áhöldum hjá öðrum félögum. Sýningar deildarinnar hafa verið veglegar og hefur deildin þurft að greiða ýmsan kostnað m.a. vegna lýsingar og aðkeyþra atriða.

Mosfellsbakarí hefur á mótum og sýningum stutt við starf Fimleikadeildarinnar með kökum og brauði sem selt hefur verið til fjáröflunar fyrir deildina.

Fasteignasala Mosfellsbæjar og fimleikadeildin gerðu einnig með sér samstarfssaming. Yfirmarkmið samningsins er að efla og styðja við uppbyggingu deildarinnar í Mosfellsbæ.

Fimleikadeildin þakkar bakhjörllum sínum kærlega fyrir stuðninginn við að efla og styrkja starf deildarinnar.



Leirvogstunga er aðalstyrktaraðili deildarinnar

BAKHJARLAR



World Class og Fasteignasala Mosfellsbæjar styrkja fimleikadeildina



Frá undirritun styrktarsamnings við Ísfugl



Frábær árangur á mótum

Afturelding á 3 keppnislið sem hafa valið að leggja ríka áherslu á árangur. Mikilvægt er fyrir börnin að fá að sinna þessum þætti íþróttarinnar, enda kemur uppskera og afrakstur fram á mótum sem og sýningum.

P-2; keppir eftir landsreglum FSÍ í unglingsflokki (12-14 ára) og táningaflokki (15-18 ára). Keppnisárið byrjaði vel. Stúlkurnar unnu sér inn þátttöku á Íslandsmóti í landsreglum FSÍ á síðasta ári og lentu þar í 4. sæti á trampólíni. Á Páskamót Bjarkanna lentu þær í 2. sæti á trampólíni og 3. sæti á dýnu og dansi.

Á Haustmóti í táningaflokki lentu stúlkurnar í 2. sæti á dansi og komumst með því inn á Íslandsmót 2008. Þær lentu einnig í 2. sæti í dýnu, trampólíni og samanlögðum stigum.

Sama lið keppti á Haustmóti í unglingsflokki. Þar lentu stúlkurnar í 2. sæti í dansi og dýnu og 1. sæti samanlagt yfir 24 lið. Þetta er frábær árangur hjá stelpunum en á mótinu voru öll bestu lið Íslands að keppa.

Fjöldi barna tók þátt í þrepamóti í almennum fimleikum sem haldið var í 1. og 2. þrepi í Vestmannaeyjum á haustmánuðum. Rákel Friðriksdóttir varð í 1. sæti á stökki í 1. þrepi í flokki 10 ára. Eydís Embla Lúðvíksdóttir varð í 2. sæti samanlagt á mótinu og vann sér því keppnisrétt á Íslandsmótinu en 10 stigahæstu einstaklingar hvers þreps (óháð aldri) gátu unnið sér rétt til að keppa á Íslandsmótinu í almennum fimleikum sem fór fram hér í Mosfellsbæ. Inger Ósk Sandholt hreppi gullverðlaun í dansi í 2. þrepi.

Afturelding hélt seinni hluta þrepamótsins í 3. – 6. þrepi. Brynja Ragnarsdóttir lenti í 2. sæti í dansi í 3. þrepi í flokki 13 ára auk þess að vera í 3. sæti samanlagt á Íslandsmótinu. Sveinbjörg Lilja Guðrúnardóttir varð í 3. sæti á dýnu og yfir heildina en hún keppti í flokki 10-12 ára. Með þessum árangri vann Sveinbjörg sér rétt til keppa á Íslandsmótinu þar sem 10 stigahæstu einstaklingar hvers þreps (óháð aldri) keppa um hver hreppir Íslandmeistaratilinn í 1. – 6. þrepi.

Allir sem vettlingi gátu valdið, börn og foreldrar sáu til þess að mótið varð Aftureldingu til sóma en þetta er í fyrsta sinn sem deildin heldur svo stórt mót. Ungu kynslóðin sýndi einkunnir og eldri fimleikabörn sáu um


að vinna í veitingasölu. Afturelding átti 6 keppendur á því móti.

P-1 keppti eftir landsreglum í barnaflokki (9-11 ára). Í febrúar kepptu stelpurnar í P-1 á Unglingamóti FSÍ í hóp fimleikum. Þær urðu í 1. sæti á dýnu og 2. sæti á trampólíni og dansi. Hópfimleikamót Hamars fór einnig fram í febrúar. Þar urðu stelpurnar 1. sæti á dýnu og 3. sæti á trampólíni. Í mars fór Hópfimleikamót Þórs í Þorlákshöfn fram. Þar var keppt um samanlagðan árangur. Stelpurnar urðu stigahæstar og unnu því mótið.

Páskamót Bjarkanna fór fram í apríl. P-1 sem keppir í barnaflokki varð færður upp um flokk, þar sem lítil þátttaka var í þeirra aldursflokki. Þær kepptu því í 12-14 ára flokknum, en það virtist ekkert hafa að segja, því þær urðu í 2. sæti bæði á trampólíni og dýnu.

Í nóvember kepptu þær á Haustmóti FSÍ í hóp fimleikum sem fór fram á Selfossi. Stelpurnar urðu í 1. sæti á dýnu og trampólíni* (*urðu dæmdar úr leik á trampólíni vegna tæknilegra mistaka).

M-10; keppti eftir byrjendareglum í barnaflokki (9-11 ára). Á byrjendamóti á Selfossi lentu þær í 6. sæti og í 4. sæti á dýnu á Haustmóti FSÍ.



ÞAÐ ER SVAKALEGT FJÖR Í FIMLEIKUM



Sýningar
deildarinnar hafa
tekist vel

Sýningar, skemmtanir og sumarstarf

Vorsýning deildarinnar í maí tókst mjög vel og sýndu börnin hvers þau voru megnug. Allir sem vettlingi gátu valdið sýndu listir sínar fyrir hundruðir mosfellskra foreldra. Sýningar deildarinnar vaxa sífellt ár frá ári.

Deildin heldur úti fjörugum fimleikanámskeiðum fyrir byrjendur og lengra komna á aldrinum 5-10 ára á sumrin og gengu þau námskeið ágætlega. Dagskráin var fjölbreytt; fimleikar og almenn líkamleg þjálfun í bland við ýmiskonar útivist.

Í júlímánuði héldu 21 fimleikastúlka, 16 foreldrar og 1 þjálfari í fimleikabúðir í Slagelse í Danmörku. Um var að

ræða P-1 og P-2 keppnishópa deildarinnar sem sóttu þjálfun hjá færum dönskum þjálfurum. Bæði fimleikastúlkur og foreldrar skemmtu sér konunglega og árangurinn lét ekki standa á sér í keppnum haustsins.

Jólasýning Fimleikadeildarinnar var haldin 2. desember og var hún að venju mjög glæsileg. Börnin sýndu listir sínar og hefur fjöldi foreldra aldrei verið meiri. Hvorki meira né minna en um 500 manns komu að sjá fimleikabörnin. Jólasveinninn kom að venju og skemmti börnum í lok sýningarinnar.



FRAMTÍÐ FIMLEIKA Í MOSFELLSBÆ

Fimleikasamband Íslands verður 40 ára hinn 17. maí næstkomandi og er nú orðið fjórða stærsta sérsambandið innan ÍSÍ með 7.660 iðkendur á sínum snærum. Sambandið var stofnað með það að markmiði að auka veg fimleika á Íslandi. Það er jafnframt markmið Fimleikadeildar Aftur-eldingar.

Eitt af stefnumálum deildarinnar er að leggja áherslu á fimleika fyrir alla, stóra, smáa, unga og gamla og án keppna. Með þessu er deildin að vinna í takt við stefnu ÍSÍ og í samræmi við stefnumál sín sem fyrirmyndar-félag innan ÍSÍ. Ekki má gleyma því öflugra foreldrastarfi sem foreldrar geta tekið þátt í og þannig deilt áhugamáli barna sinna.

Fimleikadeildin ætlar sér að efla drengjastarf sitt á árinu og hefja kynningarstarf sem sýnir fram á hvað deildin getur boðið drengjum upp á.

Deildin hefur einnig sett sér það markmið fyrir árið 2008 að forma afreksstefnu. Til þess að fylgja henni eftir þarf að leggja aukna áherslu á að bæta aðstöðu deildarinnar.

Keppnislið Fimleikadeildar Aftureldingar eru ávallt meðal efstu liða á landinu í hverri keppni. Elsta liðið varð Íslandsmeistari í trampólíni en einungis 6 efstu liðin eiga rétt á


að keppa um þann titil í hverju áhaldi. Tíu lið alls komust á Íslandsmótið og er það því stórkostlegur árangur af ekki eldra félagi en Aftureldingu að eiga keppendur í öllum áhöldum (3) og sigra í einu. Á næsta ári mun þessi hópur keppa í fullorðinsflokki. Styðja þarf við bakið á þessum

afreksstúlkum en með því að fara svo ofarlega eru æfingar orðnar flóknari en svo að mögulegt sé að stunda þær í Mosfellsbæ vegna aðstöðuleysis. Deildin þarf því í auknum mæli að leita til annarra bæjarfélaga m.a. vegna gryfjunotkunar. Fimleikahús er því alfarið orðið tímabært í Mosfellsbæ



Inger með mömmu sinni Elinu á Íslandsmóti í Vestmannaeyjum

Þróun í iðkendafjölda innan Aftureldingar 2002-2007



FIMLEIKADEILD 01.01.- 30.09. 2006

REKSTRARREIKNINGUR

REKSTRARTEKJUR:

11730	Rekstrarstyrkir	625.000
11735	Styrkur v/fyrirmyndafélags	207.500
12100	Ýmis fyrirtæki	618.962
15300	Aðgangseyrir	179.800
22200	Æfingagjöld	5.969.685
22350	Ýmsar tekjur	810
	Rekstrartekjur alls	7.601.757

REKSTRARGJÖLD:

32200	Laun þjálfara	5.378.594
32500	Tryggingagjald	335.087
32600	Lífeyrissjóður	377.513
32700	Orlofs- og sjúkrasjóður	1.361
33200	Bifreiðastyrkir þjálfara	27.000
34200	Verktakagreiðslur þjálfara	69.000
34900	Aðrar verktakagreiðslur	14.000
37100	Búningar	79.450
37200	Ípróttahöld	18.898
38100	Önnur áhöld	(16.254)
43000	Þátttökugjald	103.500
43250	Leiga á íbúðum	70.000
43300	Sjúkrakostnaður	34.318
45100	Verðlaunapeningar	33.702
45200	Dómgæsla	4.500
46100	Annar mótahaldskostnaður	74.054
53100	Sími	146.429
53200	Ritföng	33.804
53300	Posi	6.474
53500	Póstkostnaður	720
53700	Kaffikostnaður og risna	7.055
53800	Tölvukostnaður	44.494
54000	Gjafir	5.360
56100	Námskeiðsgjöld	20.000
58120	Æfingaaðstaða	42.850
58130	Ferðakostnaður v/æfinga	8.000
65100	Þjónustugjöld VISA/EURO	44.455
65200	Þjónustugjöld banka	2.668
65300	Tryggingar	57.816
66250	Kostnaður v/félagsstarfs	7.020
66300	Aðrar skemmtanir	20.102
71100	Annar kostnaður	27.000
	Rekstrargjöld alls	7.078.970
	Hagnaður (tap) án fjármagnsliða	522.787

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

76100	Vaxtatekjur	(3.128)
76200	Vaxtagjöld	23.445
76500	Fjármagnstekjuskattur	311
	Hagnaður (tap) tímabilsins	502.159

EFNAHAGSREIKNINGUR

VELTUFJÁRMUNIR:

86100 Vörur	499.821
86200 Biðreikningur	14.930
88350 Íslandsbanki 6311	1.025.284
88360 Glitnir 106311	(29.979)
88365 Glitnir 101063	433
Eignir samtals	1.510.489

EIGIÐ FÉ

91100 Óráðstafað eigið fé	(73.655)
91300 Tekjuafgangur ársins	(502.159)
	(575.814)

SKAMMTÍMASKULDIR:

95710 Skuldir við aðrar deildir	(22.930)
95750 Ógr. laun	(640.465)
95760 Ógr. lífeyrissjóður	(109.639)
95770 Ógr. staðgreiðsla	(147.403)
95780 Ógr. tryggingagjald	(14.238)
	(934.675)

Skuldir og eigið fé samtals **(1.510.489)**